

Siglingastofnun Íslands
Sigurður Sigurðarson
Vesturvör 2
200 Kópavogur

2005030043
5200; 9310

Reykjavík, 13. júlí 2005
/--

Efni: Sjóvarnir við Haganesvík, við Hraun í Fljótum og við Hrauni á Skaga í Sveitarfélaginu Skagafirði. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 7. janúar 2005 þar sem Skipulagsstofnun eru tilkynntar sjóvarnir við Haganesvík, við Hraun í Fljótum og við Hraun á Skaga í Sveitarfélaginu Skagafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 31. maí 2005, Fornleifavernd ríkisins með bréfum dags. 12. apríl og 7. júlí 2005 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. júní 2005. Frekari upplýsingar bárust frá Siglingastofnun með bréfi dags. 13. júlí 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu liðir í vörn gegn landbroti. Um sé að ræða 300 m sjóvörn við Haganesvík og efnispörf verði um 3.000 m³, 200 m sjóvörn við Hraun í Fljótum og efnispörf verði um 3.000 m³ og 130 m sjóvörn við Hraun á Skaga og efnispörf verði um 1.400 m³. Fram kemur að efni til sjóvarnanna við Haganesvík og Hraun í Fljótum verði tekið við Kóningsnef við Siglufjarðarveg en vegna sjóvarnar við Hraun á Skaga verði efni unnið úr Hvalnesnámu í landi Hvalnes á Skaga.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fornleifaverndar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á landslag. Umhverfisstofnun bendir á við efnistöku í námu við Kóngsnef skuli reyna að fella efnistökusvæði að landslagi eins og kostur er. Við gerð sjóvarnarinnar við Hraun á Skaga mælist stofnunin til að efni í Hvalsnesnámu verði losað með sprengingum.

Í frekari gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að tekið verði tillit til umsagnar Umhverfisstofnunar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir við Haganesvík, að Hrauni í Fljótum og Hrauni á Skaga í Sveitarfélaginu Skagafirði. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að fyrirhugaðar sjóvarnirnar við Hraun á Fljótum og Hraun á Skaga eru innan svæða á náttúruminjaskrá og telur stofnunin því mikilvægt að raski verði haldið í lágmarki við framkvæmdirnar. Hönnun og frágangur sjóvarna verði þannig að þær falli sem best að landi og efnistaka verði í samræmi við ábendingar Umhverfisstofnunar. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Siglingastofnunar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Siglingastofnunar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvarnir við Haganesvík, við Hraun í Fljótum og við Hraun á Skaga í Sveitarfélaginu Skagafirði séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. og leita þarf umsagnar Umhverfisstofnunar skv. 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Framkvæmdin er á svæði þar sem engar skipulagsáætlanir eru í gildi og þarf sveitarstjórn því að leita meðmæla Skipulagsstofnunar með veitingu framkvæmdaleyfis, sbr. 3. tl bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. ágúst 2005.

Þóroddur F. Þóroddsson

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit.

Umhverfissráðuneytið, Sveitarfélagið Skagafjörður, Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun.